

**Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans um vörutoll af póstbögglum.****38**

Þjer hafið herra póstmeistari, í brjefi 14. þ. m., skýrt frá því, að þjer **24. mars** hingað til hafið skilið svo 2. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, að af hverjum póstböggli, sem kemur til landsins, skyldi greiða 15 aura og nú, samkv. lögum nr. 22, 20. okt. 1913, um breytingu á vörutollslögunum, 30 aura af hverjum böggli, nema af böggjum þeim, sem undanskildir eru í sömu lagagrein, það er að segja endursendum böggjum og böggjum með prentuðum blöðum og bókum. En nú sje því haldið fram af manni, er þjer nafngreinið, að þessi skilningur yðar á vörutollslögunum sje eigi rjettur, því að samkv. 1. gr. nefndra vörutollslaga eigi póstbögglar með vörum, sem sjerstaklega er lagður tollur á, einnig að vera undanþegnir þessu 30 aura gjaldi. Hafið þjer því lagt ágreining þennan undir úrskurð stjórnarráðsins.

Í 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912, 1. málsgr., er svo ákveðið, að af vörum, sem fluttar eru til Íslands og *ekki* eru sendar í pósti, skuli greiða vörutoll, nema um þær vörur sje að ræða, sem sjerstaklega er lagður tollur á, og ræðir öll greinin um þessar vörur, það er þær, sem ekki eru sendar í pósti. En um vörur þær, er í pósti eru sendar, ákveður 2. gr. nefndra laga, að 15 aura (nú 30 aura) skuli greiða af hverjum póstböggli, sem kemur til landsins, nema hann sje endursendur, eða innihaldi prentuð blöð eða bækur, og ákvæði greinarinnar er svo alment, að það verður að gilda um alla póstbögglar, hvort heldur innihald þeirra er vara, sem sjerstaklega hefir verið lagður tollur á, eða eigi.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutað-eiganda.

**Brjef stjórnarráðsins til biskups um viðbótarlán úr landssjóði handa Brjáns-lækjarprestakalli.****39****27. mars**

Með brjefi, dags. 31. desbr. f. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi sóknarprestisins að Brjánslæk, síra Bjarna prófasts Símonarsonar, þar sem hann beiðist lánsþækkunar, 2000 kr., til hins nýbygða íbúðarhúss úr steini á prestssetrinu samkvæmt lögum 20. oktbr. f. á.

Með tilliti til þess að íbúðarhús þetta samkvæmt skoðunargjörð, er fram fór síðastliðið haust, er talið hið vandaðasta að öllum frágangi og af skoðunarmanninum virt á 8500 kr., hefir stjórnarráðið ákveðið samkvæmt nýnefndum lögum að veita sóknarprestinum 2000 króna viðbótarlán, gegn því að húsinu verði eftirleiðis haldið váttrygðu fyrir 8500 kr., og fyrningargjald borgað af því eftirleiðis, í fyrsta skifti í næstkomandi fardögum, með kr. 42.50.

Ennfremur er eftir tillögum húsagerðarmeistara Rögvaldar Ólafssonar það skilyrði sett, að presturinn setji nærglugga (þ. e. innri skjólglugga) fyrir glugga á íbúðarherbergjum, og þeir fylgi húsinu eftirleiðis, að þak og veggir